

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/86

frá 15. október 2009

## um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum (\*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 7789)

(2009/822/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE <sup>(1)</sup>, einkum síðasta málsliðnum í annarri undirgrein 4. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(2)</sup>, einkum a-lið 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tiltekna reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum Bandalagsins á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.
- 2) Ákvörðun 2009/821/EB fellir þar að auki úr gildi og kemur í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB frá 7. desember 2001 um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um uppfærslu ítarlegra reglna um eftirlit sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar <sup>(4)</sup>.
- 3) Í nóvember 2008 annaðist Skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar (Matvæla- og dýraheilbrigðis-skrifstofan) skoðun á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Astakos í Grikklandi í samræmi við ákvörðun 2001/881/EBE.

4) Skoðunin leiddi í ljós ýmsa veikleika í skipulagi. Lögbæra yfirvaldið í Grikklandi lagði því fram aðgerða-áætlun til að takast á við þessa veikleika. Aðgerða-áætlunin var metin fullnægjandi. Því skal bæta skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Astakos við skrána yfir samþykktar skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, í þeim hluta sem varðar Grikkland, bætist eftirfarandi færsla við á undan færslunni fyrir alþjóðlega flugvöllinn í Apenu:

1	2	3	4	5	6
„Astakos	GR AST 1	P		HC-T(FR)(2), HC-NT(2), NHC-NT“	

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassiliou

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB L 326, 11.12.2001, bls. 44.